



Samantekt skv. 2. gr. samnings milli Sambands  
Íslenskra sveitarfélaga og umhverfis- og  
auðlindaráðuneytisins frá 27. nóv. 2015

Fjórða skýrsla – yfirlit yfir árið 2018

## Inngangur

Þann 29. júní 2018 var undirritaður samstarfssamningur milli umhverfis- og auðlindaráðuneytisins og Sambands Íslenskra sveitarfélaga. Í 4. gr. samningsins segir að verkefninu skuli lokið árlega með skýrslu sambandsins til ráðuneytisins. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um það hvernig sambandið framkvæmdi þau verkefni sem tilgreind eru í 2. gr. samningsins og greinargerð um framkvæmd þeirra. Enn fremur skal skýrslan innihalda áherslur sveitarfélaga á komandi starfsár. Skýrslu vegna liðins árs skal skilað til ráðuneytisins eigi síðar en 15. janúar ár hvert.

Undir 2. gr. samningsins falla eftirfarandi verkefni:

1. Almenn vöktun og miðlun upplýsinga um þróun stefnumótunar ESB og löggjafar um umhverfismál og möguleg áhrif á Íslensk sveitarfélög.
2. Vöktun og miðlun upplýsinga um þróun úrgangsmála í Evrópu og möguleg áhrif stefnu og löggjafar ESB á Íslensk sveitarfélög. Miðlun upplýsinga um stöðu úrgangsmála hjá Íslenskum sveitarfélögum, s.s. um stöðu svæðisáætlana sveitarfélaga.
3. Ráðgjöf til Íslenskra sveitarfélaga um aðgerðir í loftslagsmálum, með hliðsjón af aðgerðaáætlun í loftslagsmálum.
4. Þátttaka í samstarfsverkefni um stuðning við Íslensk sveitarfélög sem eiga ólokið nauðsynlegum úrbótum í fráveitumálum.
5. Miðlun upplýsinga til Íslenskra sveitarfélaga um aukna sjálfbærni.

Í þessari samantekt er gerð grein fyrir því hvernig unnið var að þessum verkefnum á árinu 2018.

### 1. Stefna ESB í umhverfismálum, regluverk og hugsanleg áhrif á Íslensk sveitarfélög.

#### 1.1 Almennt um umhverfismál hjá ESB

Megináherslur í stefnu Evrópusambandsins í umhverfismálum á árinu 2018 voru þær sömu og á undanförunum árum, sbr. samantektir fyrir árin 2015

til 2017. Sambandið tók áfram þátt í vinnu Council of European Municipalities and Regions (CEMR) og Municipal Waste Europe (MWE) við að klára tilskipanir sem mynda kjarna hringrásarhagkerfisins. Þær voru svo samþykktar og gefnar út um mitt árið 2018:

- Tilskipun 2018/851/EB sem tekur við af rammatilskipun ESB um meðhöndlun úrgangs 2008/98/EB
- Tilskipun 2018/850//EB sem tekur við af tilskipun 1999/31/EB um urðun úrgangs
- Tilskipun 2018/852/EB sem tekur við af tilskipun 1994/62/EB um umbúðaúrgang

auk tveggja tilskipana sem taka við af tilskipunum um raf- og rafeindatækjaúrgang, rafhlöður og rafgeyma, og úr sér gengnum ökutækjum.

Auk hringrásarhagkerfisins voru meginviðfangsefni í umhverfismálum á árinu 2017 hjá Evrópusambandinu, sem fyrr:

- loftslagsmál,
- orkunýting,
- nýting auðlinda

Evrópusambandið hefur, eins og Ísland, samþykkt Parísarsamkomulagið um samdrátt á losun gróðurhúsalofttegunda um 40% til ársins 2030. Sveitarfélög og héruð í Evrópu hafa beitt sér í loftslagsmálum, m.a. með því að undirstrika hlutverk sveitarfélaga í aðgerðum gegn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda og viðbrögðum við neikvæðum afleiðingum loftslagsbreytinga. Samtök sveitarfélaga um allan heim hafa það á stefnuskrá sinni að auka aðkomu sveitarfélaga að alþjóðlegum samningum um loftslagsmál, eins og COP. Skoðanir samtaka sveitarfélaga og héraða um allan heim hafa fengið æ meiri athygli á síðustu samningsfundum eftir hinn stefnumótandi Parísarfund (COP 21).

Vert er að nefna sérstaklega eitt mál sem snýr að lagabreytingum á sviði loftslagsmála og tengist endurskoðun tilskipunar um orkunýtni bygginga. Tillaga framkvæmdastjórnar hafði sætt mikilli gagnrýni af hálfu CEMR, ekki síst ákvæði sem skyldar sveitarfélög til þess að endurnýja tiltekinn hundraðshluta eldri bygginga árlega. Slík skuldbinding getur orðið mjög íþyngjandi fyrir sveitarfélög og benti CEMR á að hún gæti ekki aðeins bitnað á opinberri þjónustu heldur einnig skert möguleika sveitarfélaga til þess að veita fjármuni til annarra og brýnni aðgerða á sviði loftslagsmála. Framkvæmdastjórnin hefur nú fallist á þessar röksemdir og hefur umrædd krafa um að endurnýja tiltekið hlutfall bygginga verið afturkölluð.





## 1.2 Stefna ESB í úrgangsmálum, regluverk og hugsanleg áhrif á íslensk sveitarfélög

Á árinu 2018 voru, eins og fyrr greinir, gefnar út sex lykiltilskipana í úrgangsmálum sem kjarni innleiðingar á hringrásarhagkerfi í Evrópusambandinu. Þær eru:

- rammatilskipun um úrgang 2008/98/EB, breytt með tilsk. 2018/851/EB.
- tilskipun um urðunarstaði 1999/31/EB, breytt með tilsk. 2018/850/EB
- tilskipun um umbúðaúrgang 1994/62/EB, breytt með tilsk. 2018/852/EB og
- breyttar tilskipanir um rafhlöður og rafgeyma, tilskipun um raftækjaúrgang og tilskipun um úr sér gengin ökutæki.

Hjá CEMR og MWE hefur mikil vinna verið lögð í að hafa áhrif á tilskipanagerð og hafa samtökin verið samstíga í hagsmunagæslunni. Helstu áherslur sem samtökin hafa komið á framfæri við þingið og einstaka þingmenn eru þessar:

- Skilgreining á úrgangi frá byggð (*municipal waste*). Að magn rekstrarúrgangs verði ekki hluti af skilgreiningunni. Niðurstaðan var skv. tillögum MWE; CEMR og annarra hagsmunaaðila.
- Útvíkkuð framleiðendaábyrgð. Niðurstaða var mun nákvæmari útfærsla á útvíkkaðri framleiðendaábyrgð sem eftir er að rýna betur í á næstu misserum
- Eitt reikningskerfi fyrir endurvinnslu úrgangs. Niðurstaðan var reikningskerfi sem tekur mið

af því úrgangsmagni sem raunverulega fer til endurvinnslu og endurnýtingar en ekki því magni úrgangs sem er flokkað inn á endurvinnslufarvegi.

- Flokkun úrgangs verði sveigjanleg þar sem það á við. Sveitarfélagasamtök hafa áður lagt áherslu á að kröfur um sérsöfnun úrgangs og aukna flokkun verði að einhverju leyti bundnar við staðbundin skilyrði (TEEP). Niðurstaðan var málamiðlun sem enn heimilar frávík frá almennri kröfu um sérflokkun en krafist er nú meiri rökstuðnings fyrir frávikum frá sérflokkunarkröfu.

Hvað varðar markmið um endalok urðunar á endurvinnanlegum úrgangi var niðurstaðan að einungis 10% af þessum úrgangi megi urða árið 2035. Nokkrum ríkjum sem eru með mjög hátt hlutfall urðunar úrgangs í dag er heimilt að framlengja þennan frest um fjögur ár til viðbótar.

## 1.3 Samráð um EES-málefni

Samráð um málefni EES hefur ekki átt sér stað á árinu 2018. Sambandið telur tilefni til þess að funda með ráðuneytinu til að ræða hvort fyrirhugað er að taka upp reglulega fundi eða hvort eitthvað annað form um samráð er æskilegra.

## 2. Staða úrgangsmála hjá sveitarfélögum

### 2.1 Stefnumótun um úrgangsmál

Skýrsla starfshóps sambandsins um stefnumótun í úrgangsmálum var unnin á árinu 2016 og send umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Starfshópur sem myndaður var úr fulltrúum verkefnisstjórnar sambandsins um aukna hagsmunagæslu í úrgangsmálum vann að skýrslu um stefnumótun sambandsins í úrgangsmálum sem birtist í ágúst 2016. Skýrslan skiptist í þrjú meginsvið:

- atriði er varða samskipti og lagfæringu regluverks,
- atriði er varða framkvæmd á meðhöndlun úrgangs og
- áhrif regluverks ESB á sveitarfélög á Íslandi.

Ekki gafst tækifæri á árinu 2018 til að ræða nánar við umhverfis- og auðlindaráðuneytið um lagfæringu regluverks en fram kom á fundum með ráðuneytinu að tillögur starfshóps sambandsins væru til hliðsjónar við mótun stefnu ráðherra um úrgangsmál.



Vinnsla tölulegra upplýsinga um úrgangsmagn og -tegundir er vel á veg komin hjá Umhverfisstofnun og eru úrgangstölur frá stofnuninni birtar á vef Hagstofunnar. Stofnunin mun á árinu 2019 hefja mun ítarlegri söfnun gagna fyrir árið 2018 og svo framvegis fyrir árin á eftir, í samræmi við breytingar á lögum nr. 55/2003 um úrgang sem samþykktar voru árinu 2017.

Almenna stefnan um úrgangsforvarnir var gefin út af umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á árinu 2016. Fyrstu tvö árin var lögð áhersla á matarsóun, þ.e. að koma í veg fyrir að matur fari til spillis og að almenningur fái betri upplýsingar um nýtingartíma matvæla. Næsta áhersla í úrgangsforvörnum á árunum 2018 og 2019 liggur á plasti og plastúrgangi. Mikil og vaxandi umræða um örplast hefur átt sér stað. Sambandið tók þátt í starfshópi um gerð aðgerðaáætlunar gegn plastmengun, sem skilaði skýrslu til ráðherra í byrjun nóvember. Ein af aðgerðum sem beinist að sveitarfélögum varðar hreinsun örplastagna í fráveitukerfum. Hér gæti orðið um mjög kostnaðarsamar aðgerðir að ræða sem þarf að rýna út frá ábata- og kostnaðargreiningu, sbr. umsögn sambandsins [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=1183&uid=f08e1729-f5f6-e811-944b-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=1183&uid=f08e1729-f5f6-e811-944b-005056850474). Fleiri tillögur um aðgerðir þurfa að hljóta sambærilega rýni.

Almenn stefna um meðhöndlun úrgangs hefur ekki birst enn þá en fyrstu drög eru til vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Sambandið hefur átt einn fund með fulltrúa Umhverfisstofnunar um stefnuna þar sem rætt var um innihald hennar og áherslur. Umhverfisstofnun reiknar með að fyrstu drög að stefnunni gætu legið fyrir um mitt ár 2019.

## 2.2 Svæðisáætlanir sveitarfélaga

Fjallað var um stöðu svæðisáætlana í undangengnum samantektarskýrslum. Sambandið hefur útbúið ramma um svæðisáætlun sem sveitarfélög ein eða í sameiningu geta fyllt með gögnum og stefnumarkandi atriðum. Svæðisáætlun sem sett er upp skv. þessum ramma uppfyllir þær kröfur sem gerðar eru til uppsetningar og innihalds svæðisáætlana í reglugerð nr. 969/2014. Samkvæmt breytingum á lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs sem samþykktar voru á árinu munu sveitarstjórnir senda upplýsingar um svæðisáætlanir til Umhverfisstofnunar á því formi sem stofnunin leggur til. Erindi þess efnis hefur farið frá Umhverfisstofnun til sveitarfélaga á haustmánuðum 2017. Eftir heimsóknir fulltrúa

sambandsins til þeirra sveitarfélaga sem enn eiga eftir að gefa út svæðisáætlun eða þurfa að endurskoða eldri áætlanir er lokavinnsla að svæðisáætlunum hafin.

Staða svæðisáætlana er að öðru leyti þannig að á Norðurlandi hafa 18 sveitarfélög samþykkt nýja svæðisáætlun. Sveitarfélög á Suðurlandi, Reykjanesi, Suðvesturlandi og Vesturlandi (alls 33) eru með sameiginlega svæðisáætlun en verið er að vinna eftir henni með mismunandi hætti. Meðhöndlun lífræns úrgangs á höfuðborgarsvæðinu mun eiga sér stað í gas- og jarðgerðarstöð sem á að taka til starfa á árinu 2020 en tekur fyrst og fremst heimilissorp af starfssvæði SORPU og eitthvað af rekstrarúrgangi af sama svæði. Starfsleyfi urðunarstaðarins í Álfsnesi rennur út á árinu 2020 og því er ljóst að finna þarf nýjan urðunarstað sem tekur á móti úrgangi sem ekki er unnt að endurnýta. Mikil óvissa er um þessar mundir um heildarlausn á meðhöndlun úrgangs á starfssvæði þessarar svæðisáætlunar og umræður víða í gangi um leiðir til að leysa vandann.

## 3. Ráðgjöf til íslenskra sveitarfélaga um loftslagsmál

### 3.1 Almenn

Áhugi sveitarfélaga hér á landi á loftslagsmálum hefur farið ört vaxandi, oftast í tengslum við áætlanir um kolefnisjöfnun. Reykjavíkurborg hefur mótað stefnu um að verða kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2040. Sömuleiðis hefur Akureyrarkaupstaður samþykkt stefnu um að verða kolefnishlutlaust samfélag árið 2030. Tilraunaverkefni hafa verið í gangi í nokkrum sveitarfélögum, t.d. í sveitarfélaginu Hornafirði.

Tilfni er einnig til þess að vísa til ítarlegrar umsagnar sambandsins um drög að fyrstu aðgerðaáætlun í loftslagsmálum, [https://samradsgatt.island.is/oll-mal/\\$Cases/Details/?id=124&uid=44844045-e7c7-e811-9448-005056850474](https://samradsgatt.island.is/oll-mal/$Cases/Details/?id=124&uid=44844045-e7c7-e811-9448-005056850474).

Sambandið kallar sérstaklega eftir því að við framkvæmd aðgerðaáætlunarinnar verði horft til þess hvernig hægt verði að tryggja sem breiðasta aðkomu sveitarfélaga að einstökum verkefnum þar sem reynir á aðkomu þeirra ásamt því að þau sveitarfélög sem lengst eru komin á veg miðli sinni reynslu til fleiri sveitarfélaga. Umsögnin var rædd á fundi með ráðherra þar sem ákveðið var að standa fyrir málþingi á fyrri hluta árs um sveitarfélög og loftslagsmál.

### Oxun metans á urðunarstöðum – leið til að meta betur raunverulega losun efnisins

Eftir heimsókn tveggja erlendra sérfræðinga um oxun metans á á árinu 2011 hefur sambandið stuðlað







að því að slík oxun yrði rannsökuð nánar á íslenskum urðunarstöðum fyrir úrgang. Nemendur í grunn- og meistaranámi í umhverfisfræði við Háskóla Íslands voru fengnir til að vinna að rannsókn á oxun metans á tveimur urðunarstöðum á árunum 2012 til 2014. Oxun metans, ef hún er stýrð, er möguleiki til að takmarka losun efnisins sem er öflug gróðurhúsalofttegund á urðunarstöðum þar sem söfnun gassins er tæknilega og efnahagslega mjög óhagkvæm eða útilokuð. Rannsóknir á öðrum urðunarstaðnum, Fíflholti á Mýrum í rekstri Sorpurðunar Vesturlands, hafa haldið áfram eftir að nemandaverkefninu lauk. Með veglegum styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu tókst á árinu 2017 að fá til landsins tvo sérfræðinga frá Danmörku (DTU) til að fjarmæla losun metans frá fimm útvöldum urðunarstöðum. Þessar mælingar byggjast á því að mæla metan í andrúmslofti undan ríkjandi vindátt og eiga jafnvel að gefa til kynna magn losaðs metans. Niðurstöður rannsóknarinnar voru kynntar á málþingi í byrjun september 2018. Þær sýna að hægt er að kortleggja losun metans með fjarmælingu og jafnvel að áætla nokkuð nákvæmlega magn metans sem er að losna. Í undirbúningi eru rannsóknir á hæfum efnum fyrir yfirborð urðunarstaða, til að minnka losun metans eins og kostur er. Í því skyni hefur verið sótt um styrk í árlegri úthlutun ráðuneytisins á styrkum til umhverfismála í desember 2018.

## 4. Nauðsynlegar úrbætur í fráveitumálum

### 4.1 Endurskoðun fráveitureglugerðar

Starfshópur skilaði tillögum til ráðherra um endurskoðun fráveitureglugerðar í maí 2017. Í greinargerð með reglugerðardrögunum var m.a. vakin athygli á því að kröfur um hreinsun skólps í þéttbýli við vatnsmiklar jökulár væru e.t.v. of strangar og hugsanlegt að viðunandi hreinsun skólps með síunaraðferð myndi duga. Drögin að reglugerðinni voru send til umsagnar á sumarmánuðum og skiluðu margir umsagnaraðilar umsögnum í september 2017. Ekki liggur enn fyrir hver er niðurstaða ráðuneytisins og hvenær reglugerðin verður gefin út í endanlegu formi, en í umsögn sambandsins var lögð áhersla á að þótt mikill fjöldi veigamikilla athugasemda hefði borist við reglugerðardrögin mætti það ekki leiða til þess að það drægist enn mánuðum eða jafnvel árum saman að gefa reglugerðina út.

Tilfni er til þess að lýsa vonbrigðum með að ekki hafi enn verið boðað til samráðsfundar um málið. Mikilvægt er að unnið verði markvisst úr athugasemdum, í góðu



samráði við við helstu hagsmunaaðila, með það að markmiði að endanleg afurð verði reglugerð sem góð sátt getur orðið um. Jafnframt leggur sambandið áherslu á að í lög um virðisaukaskatt bætist ákvæði um endurgreiðslu virðisaukaskatts vegna fráveituf framkvæmda, sem myndi án efa flýta því að sveitarfélög ráðist í endurbætur og nýframkvæmdir á fráveitum. Frumvarp þessa efnis var lagt fram í upphafi haustþings en það veldur miklum vonbrigðum að ekki hefur enn verið mælt fyrir málinu á Alþingi.

## 4.2 Staða fráveitumála

Í byrjun apríl 2018 tókst samningur milli Skútustaðahrepps og ríkisins um kostnaðarskiptingu framkvæmda við fráveitumannvirki við Mývatn. Mývatnssvæðið hefur verið tekið til sérstakrar skoðunar vegna bágs ástands fráveitumála og mikils álags af völdum ferðamanna sem sækja svæðið heim. Verkefnisstjóri hefur verið sveitarfélaginu til ráðgjafar og er fagnaðarefni að nú er útlit fyrir að fráveitulausnir á svæðinu séu að komast í ásættanlegt horf, með góðu samstarfi ríkis og sveitarfélaga.

## 5. Miðlun þekkingar um sjálfbærni

### 5.1 Heimsmarkmið SP um sjálfbærni

Heimsmarkmið um sjálfbæra þróun (e. Agenda 2030) voru samþykkt á leiðtogafundi SP í september 2015. Aðalsmerki heimsmarkmiðanna er að þau eru algild (e. universal) og ber öllum þjóðum að vinna skipulega að þeim bæði innanlands og í alþjóðasamstarfi fram til ársins 2030. Markmiðin, sem gilda á tímabilinu 2016-2030, eru 17 talsins en undirmarkmið (e. targets) eru 169.

Sambandið hefur átt fundi með fulltrúum forsætisráðuneytis og utanríkisráðuneytis sem fara með heimsmarkmiðin fyrir hönd ríkisins, um þýðingu og innleiðingu þessara markmiða, þar sem það á við, hjá sveitarfélögum. Samskiptastjóri sambandsins, Helga Guðrún Jónasdóttir, hefur tekið þátt á fundum verkefnisstjórnarinnar sem fulltrúi sveitarfélaga. Hjá sambandinu er í undirbúningi vinna við að tengja verkefni sveitarfélaga við heimsmarkmiðin. Kópavogsbær hefur þegar tekið þetta skref og tengt mörg af verkefnum sveitarfélagsins við heimsmarkmiðin og fleiri sveitarfélög eru að skoða svipaðar leiðir.

### 5.2 Tengiliðahópur um sjálfbærni

Frá árinu 2010 hafa nokkrir umhverfisfulltrúar sveitarfélagar sem áður hafa sinnt staðardagskrármálefnum hist óformlega nokkrum sinnum á ári, með þátttöku fulltrúa sambandsins. Á þessum fundum hafa sjálfbærnimál verið rædd. Til skoðunar er hjá sambandinu hvort þessi hópur verði stækkaður og gerður að tengiliðahópi um innleiðingu heimsmarkmiða.

### 5.3 Þátttaka í ársfundi um náttúruvernd

Undanfarin ár hefur sambandið tekið þátt í árlegum samráðsfundi Umhverfisstofnunar, Náttúrustofa og náttúruverndarnefnda sveitarfélaga. Í ár var fundurinn haldinn í nóvember á Flúðum og hélt sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs þar erindi um landsáætlun um uppbyggingu innviða.

## 6. Áhættumatsviðmið

Á árinu 2016 stofnaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið tvær nefndir sem hafa það hlutverk að gera tillögur til ráðherra um hættumatsvið vegna eldgosa annars vegar og flóða hinsvegar. Í báðum nefndum eru tveir fulltrúar sveitarfélaga. Nefndirnar hafa komið saman nokkrum sinnum og haldið hefur verið málþing um áhættumat flóða. Þar var m.a. rætt um hvað telst ásættanleg áhætta og hvernig önnur ríki hafa brugðist við með áætlunum um að draga úr neikvæðum áhrifum flóða. Í ágúst 2017 var haldin alþjóðleg ráðstefna (IDRiM = Integrated Disaster Risk Management) þar sem fjallað var um áhættumat tengt ýmsum náttúruhamförum. Á árinu 2018 hafa hóparnir his vegar ekki komið saman og því óljóst hvert stefnir með vinnu þeirra.

## 7. Önnur verkefni

Í þessari skýrslu er lögð áhersla á að fjalla um þau verkefni sem verkefnisstjóri hjá sambandinu sinnir á grundvelli samkomulags við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, sem endurnýjað var á sl. ári. Rétt þykir að geta þess að sambandið sinnir fjölmörgum öðrum verkefnum sem hafa snertifleti við ráðuneytið. Má þar m.a. nefna að samskipti við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga hafa verið mjög mikil á árinu vegna laga- og reglugerðabreytinga um losun frá mengandi iðnaði, sem geta haft mikil áhrif á framkvæmd heilbrigðiseftirlits og fela m.a. í sér að stærstur hluti rekstraraðila sem falla undir eftirlit heilbrigðiseftirlitssvæðanna þurfi ekki lengur starfsleyfi. Þessar breytingar eru að álit sambandsins ekki nógu vel undirbúnar auk þess sem sambandið hefur gagnrýnt harðlega að við innleiðinguna hafi lagaumhverfið verið flækt alltof mikið og að



ástæðulausu. Fundað hefur verið með ráðuneytinu og fleiri aðilum um málið og hafa sambandið, Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi og einstök heilbrigðiseftirlitssvæði sett fram ítarlegar ábendingar um málið.

## 8. Áherslur á árinu 2019

Þau tímamót hafa nú orðið að Lúðvík E. Gústafsson verkefnisstjóri í úrgangsmálum og umhverfismálum lét að eigin ósk af störfum frá 31. desember 2018. Sambandið þakkar Lúðvík fyrir farsælt störf undanfarin ellefu ár. Við starfi hans tekur Sigurjón Norberg Kjærnested verkfræðingur og hefur hann störf í febrúar. Starfslýsing verkefnisstjóra hefur verið breytt nokkuð og starfið útvíkkað til að ná utan um þá þróun sem orðið hefur í starfsemi sambandsins á undanförunum árum. Sem dæmi um nýjar áskoranir má nefna loftslagsmál, heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og fjölgun erlendra ferðamanna.



Á fundi stjórnar sambandsins sem haldinn var 14. desember sl. var samþykkt starfsáætlun fyrir árið 2019. Af þeim verkefnum sem þar eru tilgreind er einkum ástæða til að nefna eftirfarandi atriði:

### 8.1 Úrgangsmál

Innleiðing regluverks sem fólgið er í upptöku á tilskipunum á hringrásarhagkerfinu mun hafa mest áhrif á meðhöndlun úrgangs hjá sveitarfélögum á komandi árum. Kröfur munu verða hertar hvaða varðar förgun á endurvinnanlegum úrgangi sem mun skila sér í vaxandi mæli til endurvinnslu og endurnýtingar. Sveitarfélög þurfa að auka samvinnu til að leiðir til aukinnar endurvinnslu verði sem hagkvæmastar, þegar horft er til aðstæðna á hverju svæði. Sveitarfélög munu kalla eftir samvinnu við ríkisvaldið um að regluverk og stefna ríkisins standi ekki í vegi fyrir sveigjanlegum og hagkvæmum lausnum.

Frekari mótun aðgerðaáætlunar gegn plastmengun mun einnig verða mjög ofarlega á verkefnalista sambandsins og kallar sambandið eftir góðri samvinnu við ráðuneytið um að tillögur um aðgerðir verði metnar m.t.t. vænts ábata og kostnaðar við framkvæmd þeirra.

Sambandið mun taka þátt í vinnu við að finna lausn fyrir allt landið sem tryggir förgun áhættuúrgangs og spilliefna. Ljóst er að verkefnið er knýjandi og hefur sambandið þegar átt fundi með ráðuneytum til að bregðast við álit Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) um förgun dýraleifa.

Af öðrum verkefnum sem sambandið hyggst sinna á næstu misserum má nefna kröfur um eftirlit með aflögðum urðunarstöðum. Urðunarstaðir sem hætt hafa rekstri þurfa að framkvæma ákvæði lokunaráætlunar. Í henni eru að finna m.a. kröfur um umhverfismælingar sem geta verið mjög kostnaðarsamar án þess að um umhverfisbættandi aðgerðir sé að ræða. Sveitarfélög hafa sætt eftirliti Umhverfisstofnunar og ekki fengið viðhlítandi skýringar á tilgangi mælinga né tíðni þeirra.

### 8.2 Loftslagsmál og heimsmarkmið SP

Á fyrri hluta ársins er eins og áður segir stefnt að því að halda málþing fyrir sveitarfélög um loftslagsmál, þar sem mögulega verður einnig fjallað um innleiðingu heimsmarkmiða SP í starfsemi sveitarfélaga. Markmið þess er að auka þekkingu sveitarstjórnarmanna á málefninu og stuðla að myndun tengslaneta um einstök viðfangsefni aðgerðaáætlunar um loftslagsmál. Loftslagsmál verða einn þriggja áhersluþátta við endurskoðun landsskipulagsstefnu 2015-2026 og ættu að gefast mikil tækifæri til að auka vitund sveitarstjórnarmanna um loftslagsmál í tengslum við þá vinnu.

Sambandið mun einnig fylgja eftir ábendingum sínum við endurskoðun aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum og væntir þess að tillit verði tekið til þeirra við gerð næstu áætlunar.

Þá stefnir sambandið að því að taka þátt í umræðu um framtíðarstefnu í orkumálum, þar sem áhersla verði m.a. lögð á orkuöryggi, orkuskipti í samgöngum og vistvæna orkugjafa, en í tengslum við það verði m.a. fylgt eftir tillögum starfshóps um lagaumhverfi vindorkuvera. Tenging er við önnur verkefni, m.a. um endurskoðun fjöleignarhúsalaga til að tryggja greið orkuskipti í samgöngum.

Unnið verður að því að sveitarfélög geri sér grein fyrir tilgangi heimsmarkmiða og hvernig þau tengjast verkefnum sveitarfélaga. Vinna þarf að forgangsmarkmiðum sem henta íslenskum sveitarfélögum.







### 8.3 Náttúruvernd

Sambandið er þátttakandi í starfshópum á þessu sviði, m.a. um stofnun þjóðgarðs á miðhálandi Íslands, gerð framkvæmdaáætlunar B-hluta náttúruminjaskrár og verkefnisstjórn um landsáætlun um uppbyggingu innviða í þágu verndar náttúruminja og menningarminja. Ljóst er að umræða um framtíðarsýn um náttúruvernd verður áberandi á vettvangi sambandsins á árinu og er mikilvægt að raddir sveitarfélaga hafi vægi í stefnumótun og ákvörðunum sem teknar verða um þau mál.

### 8.4 Vöktun og innleiðing EES-löggjafar

Eitt af fyrstu verkefnum nýs verkefnisstjóra um úrgangsmál og umhverfismál verður að fara á fund CEMR í Brussel. Forstöðumaður Brussel-skrifstofu sambandsins, Óttar Gíslason, mun jafnframt skipuleggja dagskrá fyrir verkefnisstjóra til að hann fái sem besta innsýn í aðkomu CEMR og einstakra sveitarfélagasamtaka að hagsmunagæslu á þessu sviði.

Stefnt er að því að eiga fund með umhverfis- og auðlindaráðuneytinu á fyrsta ársfjórðungi til þess að ræða bætt fyrirkomulag EES-vöktunar, en vart er hægt að segja að ákvæði samstarfssamnings ráðuneytisins um það verkefni hafi komist til framkvæmda á sl. árum.



Fjórdða skýrsla til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins  
© Samband íslenskra sveitarfélaga 2019/01

Borgartúni 30  
Pósthólf 8100  
128 Reykjavík  
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir  
Janúar 2019